

Tillaga stjórnar SAF um félagsgjald 2023

Stjórn Samtaka ferðaþjónustunnar leggur til:

1. Að félagsgjald SAF árið 2023 verði reiknað sem 0,15% af veltu næstliðins árs. Til að dreifa álagi af veltuaukningu aðildarfyrirtækja milli áráanna 2021 og 2022, sem að öðrum kosti mun leiða til þungs leiðréttingarreiknings á fjórða ársfjórðungi, verði lögð 50% ofan á félagsgjaldið fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins. Hámarksgjald verði 2,5 milljónir.
2. Þegar um er að ræða tvö eða fleiri fyrirtæki í samstæðu þar sem eignarhlutur er 50% eða meiri þannig að skylt er að gera samstæðureikning, er veittur 20% afsláttur af álögðu félagsgjaldi sé þess óskað. Samanlögð félagsgjöld samstæðufyrirtækja geta þó aldrei verið lægri en álagt félagsgjald veltuhæsta aðildarfyrirtækis samstæðunnar. Afslátturinn er reiknaður á síðasta greiðsluseðli ársins.

Greinargerð

Um lið 1:

Á síðustu tveimur árum olli heimsfaraldurinn áskorunum í rekstri Samtaka ferðaþjónustunnar sem tekist hefur verið á við með hagræðingu og aðlögun félagsgjalda. Þannig hafa félagsgjöld verið miðuð við ákveðið hlutfall af gjöldum ársins 2019 síðustu tvö ár. Nú er lagt til að sú undantekningarregla verði afnumin og horfið á ný til þeirrar almennu reglu að félagsgjöld miðist við veltu næstliðins árs. Auk þess er lagt til að hámarksgjald verði hækkað um 300 þúsund krónur á ári.

Tillaga stjórnar SAF gerir því ráð fyrir að félagsgjald árið 2023 verði reiknað sem 0,15% af veltu næstliðins árs. Vegna þess að félagsgjöldin eru reiknuð út frá upplýsingum úr ársreikningum, sem liggja almennt ekki fyrir fyrr en seint á árinu, er síðasti félagsgjaldareikningur ársins leiðréttingarreikningur sem leiðréttir gjaldið vegna breytingar á veltu sem kann að hafa orðið á milli áráanna 2021 og 2022. Fyrirsjáanlegt er að vegna mikillar veltuaukningar fyrirtækja í ferðaþjónustu milli áráanna 2021 og 2022 verði leiðréttingarreikningurinn afar hár fyrir mjög mörg aðildarfyrirtæki.

Til að dreifa félagsgjöldunum betur yfir árið og minnka líkur á þungum leiðréttingarreikningi í lok árs er því lagt til að lögð verði 50% ofan á reiknað félagsgjald fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins. Það hefur að auki þau áhrif að tekjur samtakanna dreifast betur yfir árið og auðvelda hraðari viðsnúning í rekstrinum, og mun m.a. gera samtökunum kleift að takast á við stór verkefni sem framundan eru af meiri krafti en annars væri mögulegt.

Stjórn leggur áherslu á að þau fyrirtæki sem ekki ná 50% veltuaukningu á milli áráanna 2021 og 2022 geti forðast ofgreiðslu félagsgjalda með því að senda inn uppgjör fyrir árið 2022 og greiða þau þá félagsgjöld samkvæmt því.

Um lið 2:

Á undanförunum árum hefur borið nokkuð á því að fyrirtækjasamstæður hafi aðeins móðurfyrirtæki eða eitt dótturfyrirtækja í aðild að SAF. Hluti ástæðna fyrir því er að ef fleiri fyrirtæki eru í aðild séu að hluta greidd félagsgjöld oftast en einu sinni fyrir sömu veltu sem er á milli félaga í samstæðu. Á sama tíma er mikil þörf á að styrkja samtökin með því að sækja fleiri fyrirtæki í aðild og byggja þannig upp bæði innra starf samtakanna og slagkraft þeirra fyrir atvinnugreinina út á við.

Með það að markmiði leggur stjórn til að veittur verði 20% afsláttur af félagsgjöldum móður- og dótturfyrirtækja sem verði reiknaður í lok árs þegar leiðrétt álagning liggur fyrir. Fyrir slíku afsláttarfyrirkomulagi er m.a. fordæmi hjá Samtökum iðnaðarins. Þar er afsláttur veittur fyrirtækjum sem greiða félagsgjöld yfir 1 milljón króna. Til að gæta betur jafnræðis stærri og smærri fyrirtækja eru engin fjárhæðarskilyrði sett fyrir afslættinum í tillögunni.

Dæmi 1: Móðurfélag greiðir 2.500.000 kr. í félagsgjald. Dótturfélag sækir um aðild og myndi greiða 1.300.000 í félagsgjald, en með afslættinum greiða félögin nú samtals 3.040.000 kr. í stað 3.800.000 kr. annars. Ef samstæðan bætir þriðja fyrirtækinu í aðild sem greiðir 900.000 í félagsgjald greiða fyrirtækin þrjú samtals 3.720.000 kr. Ef samstæðan væri hinsvegar rekin undir einni kennitölu myndi fyrirtækið greiða 2.500.000 kr.

Dæmi 2: Félag greiðir 675.000 kr. í félagsgjald. Annað félag í sömu eigu sækir um aðild og myndi greiða 480.000 kr. í félagsgjald, en með afslættinum greiða félögin nú samtals 924.000 kr. í stað 1.155.000 kr.

Til að tryggj sé að ekki sé hægt að skrá mjög lítið félag í aðild til að fá afslátt af félagsgjöldum mun stærra félags er tiltekið að samanlögð félagsgjöld samstæðu geti aldrei verið lægri en álagt félagsgjald veltuhæsta aðildarfyrirtækis samstæðunnar.

Dæmi 3: Móðurfélag greiðir 2.500.000 kr. í félagsgjald. Dótturfélag sækir um aðild og myndi greiða 30.000 kr. (lágmarksgjald) í félagsgjald. Þar sem samanlögð félagsgjöld þeirra geta aldrei orðið lægri en félagsgjald veltuhæsta fyrirtækisins greiða fyrirtækin samanlagt 2.500.000 kr. í félagsgjald.